



# Stjórn Reykjaneshafnar

## Fundargerð

234. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar haldinn fimmtudaginn 24. október 2019 kl. 17:00 á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir:** Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Hanna Björg Kornráðsdóttir aðalmaður, Kristján Jóhannsson aðalmaður, Sigurður Guðjónsson aðalmaður, Úlfar Guðmundsson aðalmaður og Halldór Karl Hermannsson hafnarstjóri.

## DAGSKRÁ

**1. Fjármál Reykjaneshafnar. (2019051175)**

Hafnarstjóri fór yfir ýmis mál er snertu fjármál hafnarinnar.

**2. Starfsáætlun Reykjaneshafnar fyrir árið 2020. (2019100344)**

Hafnarstjóri kynnti drög að starfsáætlun hafnarinnar fyrir árið 2020 og lagði til að hún yrði samþykkt. **Samþykkt samhljóða.**

**3. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 – Viðauki 1. (2019100345)**

Eftirfarandi var lagt fram: *Í fjárhagsáætlun Reykjaneshafnar vegna ársins 2019 eru tilgreint í rekstrarreikningi óreglulegar tekur upp á 408 milljónir króna. Þar sem fyrir liggur að þessar tekjur skila sér ekki á þessu fjárhagsári þá er lagt til að væntar tekjur séu færðar niður í 0 krónur og viðkomandi fjárhagslyklar leiðréttir í samræmi við það. Áætluð rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar Reykjaneshafnar fyrir árið 2019 breytis því í framhaldinu úr því að vera jákvæð upp á kr. 213.951.000.- í það að vera neikvæð um kr. 194.049.000.- og er viðkomandi tap fært til lækkunar á eigin fé hafnarinnar. **Samþykkt samhljóða.***

**4. Starfsmannamál Reykjaneshafnar. (2019060286)**

Hafnarstjóri fór yfir nýtt skipurit fyrir Reykjaneshöfn sem tekur gildi 1. nóvember n.k. **Lagt fram til kynningar.**

**5. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (2019051152)**

Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 20.000.000 kr. til 7 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er lánið tekið til endurfjármögnunar afborgana lána Reykjaneshafnar hjá Lánasjóði sveitarfélaga, sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.*

*Jafnframt er Halldóri Karli Hermannssyni, kt. 061258-5589, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Reykjaneshafnar sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.*

*Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð eigenda sem er Reykjanesbær sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr.*

*Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'Hjörtur', 'Kristján', 'Sigurður', 'Úlfar', and 'Halldór'.*

sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

**Samþykkt samhljóða.**

**6. Hafnarsamband Íslands. (2019051158)**

Fundargerð 415. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 26.09.2019. **Lögð fram til kynningar.**

**7. Siglingarráð. (2019060287)**

Fundargerðir 14. fundar Siglingarráðs frá 07.03.2019. **Lögð fram til kynningar.**

**8. Hafnarbraut 2. (2019090577)**

Fyrirliggjandi er kaupsamningur dags. 10.10.2019 um fasteingina Hafnarbraut 2, fnr. 209-3345, að upphæð kr. 21.000.000.- en Reykjaneshöfn hefur forkaupsrétt á eigninni. *Lagt er til að Reykjaneshöfn falli frá forkaupsrétti vegna ofangreinds kaupsamnings. Samþykkt samhljóða.*

**9. Upplýsingagjöf hafnarstjóra. (2019051182)**

Hafnarstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varðar starfsemi hafnarinnar.

**10. Önnur mál. (2019051178)**

---

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:48**

*Höfuð mál  
Kostgæfi þessari  
Dagmáttur þessari  
Seyður mál  
Ólafur Guðmundsson*